



EINS OG FYRIR STRÍÐ VIÐ HÖFNINA

- Þetta er eins og fyrir stríð sagði Guðbrandur Halldórsson verkstjóri hjá Eimskip í gær og jafnvel verra en það, og sjáum við hann hér á miðri bríðaloka myndinni umkringdum piltum sem fengu ekki vinnu við höfnina í gær.
- Þegar vinna hófst aftur eftir veikfall Dagsbrúnarkarlanna við höfnina um fimmleytið í gær, þá voru komnar þar þúsundir manna að sögu Guðbrands verkstjóra, og vildi ég engum manni neita um vinnu en varð þó að segja nei þegar drengirnir komu hér svona margir úr skólunum og jafnvel Dagsbrúnarmenn urðu útdan.
- Piltarnir á tvíðálka myndinni voru í Gagnfræðaskóla Austurbæjar í vetur leið og hafa þeir enga vinnu fengið í sumar og svona fór í gær þegar þeir ætluðu á mölina að enga vinnu var að fá. Lærast sjálf-sagt unglingunum fljótt það sem áður gildi í lífsbaráttunni, að elta verkstjóran á röndum hvert fótmál með bænarsvip.
- Sagði Guðbrandur verkstjóri hjá Eimskip, að um fjögur þúsund manns hefðu komið þangað niður að höfn í gær að leita sér að vinnu, og hefðu flestir snúið bönleiðir til húðar, því að vinna var einungis fyrir um 150 manns við losun skipanna. — (Ljós. Þjóðviljinn Hj.G.).

Sojús-9 lentur eftir 18 daga

MOSKUVU 19/6 — Sovézká geimfarið Sojús-9 lenti í dag eftir næstum því átján sólarhringa ferð umhverfis jöðu. Hafa geimfararnir Nikolaef og Sevastjanof þá verið lengur í geimferð en nokkrir menn aðrir, og sovézkir vísindamenn telja ferð þeirra einkar vel heppnaða.

Um hádegi í dag skv. íslenzkum tíma létu geimfararnir far-kost-sinn svífa til jarðar í þrem fálhlífum um það bil 75 km fyrir vestan borgina Karaganda í Kazakstan í Mið-Asíu.

Báðir voru geimfararnir ágætlega á sig komnir við landinguna, eftir að þeir höfðu slegið met Bandaríkjamanna í langri dvöl í geimnum um fjóra sólarhringa.

Fréttaskýrendur í Moskvu telja að tilgangur þessarar löngu ferðar hafi einkum verið sá, að prófa hin ýmsu kerfi og útbúnað sem notuð verða við uppbyggingu mannaðra geimstöðva á braut umhverfis jöðu, sem munu starfa í langan tíma, og að prófa starfshæfni mannlík-amans úti í geimnum Margt er talið benda til þess að ferð Sojús-9, skoðuð í þessu samhengi, sé nýr áfangi í sovézkri geimferðasögu.



6 myndlistarsýningar í tilefni Listahátíðarinnar

— 5 þeirra opnaðar í dag klukkan 5

Yfir 70 íslenzkir myndlistarmenn eiga verk á sýningum á Listahátíðinni, sem allar verða opnaðar klukkan 5 í dag. Á fyrstu sýningu sem haldin er í myndlistarhúsinu á Miklatúni eru verk eftir 36 höfunda og spannar hún allt frá Finni Jónsýni, sem er fæddur 1892, til nokkurra ungra listamanna, er koma nú fram í fyrsta sinn.

Ný sýning í Listasafni ASÍ

Laugardaginn 20. júní verður opnuð ný sýning í húsakynnum Listasafns ASÍ að Laugavegi 18. Að þessu sinni verða eingöngu sýnd verk úr safninu sjálfu.

Alls verða sýndar tólf myndir eftir: Jóhannes Kjarval (Fjallamjöll), Ásgrím Jónsson (Skiðadalur), Þorvald Skúlason, Svavar Guðnason, Kristján Davíðsson Braga Ásgeirsson, Snorri Arinbjarnar, Karl Kvaran, Jóhannes Jóhannesson, Einar Hákonarson og Alfréd Flórka. Gert er ráð fyrir að sýningin standi fram í ágústmánuð en þá verði skipt um myndir.

Safnið verður opið á samantíma og á undanförmum sýningum eða kl. 15—18 alla daga nema mánudaga. Í safninu eru til sölu listaverkakort með eftirprentunum mynda í eigu þess. Nýlega er lokið í safninu sýningu á verkum „Alþjóðmálara“. Hún stóð frá 9.—31. maí og var aðsókn mjög góð.

Sýningin var opin til þátttöku fyrir fólk alls staðar að af landsbyggðinni og bárust um 400 myndir eftir 60 höfunda. Sýningarnefndin valdi 101 af þessum verkum og tók nefndin þá stefnu, að sem flest sjónarmið í íslenzkri myndlist, sem uppi eru nú, fengju að njóta sín, þannig að breidd sýningarinnar yrði sem mest. Formaður sýningarnefndar er Einar Hákonarson og auk hans eru í nefndinni Benedikt Gunnarsson, Bragi Ásgeirsson, Jens Kristleifsson, Kristján Davíðsson og varamaður er Vilhjálmur Bergsson.

Þeir sem sýna þarna í fyrsta skipti eru: Karen Valgerður Ek, Bjarni Sumarliðason, Einar Karl Sigvaldason og Gunnlaugur Stefán Gíslason. Aðrir sem sýna þar eru Eiríkur Smith, Sigurður Sigurðsson, Magnús Á. Arnason, Páll Andrésson, Hringur Jóhannesson, Ágúst F. Petersen, Barbara Arnason, Jóhannes Jóhannesson, Helgi Gíslason, Guðmunda Andréadóttir, Valtýr Pétursson, Jóhann Briem, Einar G. Baldvinsson, Vilhjálmur Bergsson, Leifur Breiðfjörð, Arnar Herbertsson, Þórbjörg Höskuldadóttir, Gunnsteinn Gíslason, Ingiberg Magnússon, Veturliði Gunnarsson, Jón Þ. Kristjánsson, Anna S. Björnsdóttir, Finnur Jónsson, Einar Þorláksson, Snorri Sveinn Friðriksson, Mattheia Jónsdóttir, Bragi Ásgeirsson, Sveinn Björnsson, Þorvaldur Skúlason, Svavar Guðnason og Ásgerður Búadóttir, og Vigdís Kristjánsdóttir sem sýna myndvefnað.

Sýningin sem opin verður frá

ÞJÓÐVILJINN

Laugardagur 20. júní 1970 — 35. árgangur — 135. tölublað.

Merk yfirlitssýning á Listasafninu

Í tilefni Listahátíðar er haldin í Listasafni ríkisins sýning sem nefnist „Tíu íslenzkir mál- arar á tuttugustu öld“.

Á sýningunni má fá allgott yfirlit um framlag hvers þessara meistara til íslenzkrar myndlistar, en á henni eru á annað hundrað myndir. Listamennirnir eru Þórarinn B. Þorláksson, Ásgrímur Jónsson, Jóhannes Kjarval, Jón Þorleifsson, Gunnlaugur Blöndal, Snorri Arinbjarnar,

Gunnlaugur Scheving, Jón Engilberts og Nína Tryggvadóttir.

Allar myndirnar eru í eigu listasafnsins, nema myndir Schevings, sem listamaðurinn hefur sjálfur lánað, og eru þær flestar frá síðustu tveim árum. Þá eru þarna ýmsar sjaldsæðar myndir, og sumar sem ekki hafa áður verið upp festar á safninu. Við sýningargestum blasir fyrst mynd frá 1910 eftir Þórarinn B. Þorláksson, „Áning“, en það er fyrsta íslenska myndin sem safnið eignaðist, og sú fyrsta sem kemur á íslenzku frimerki; er það gefið út í tilefni Listahátíðar.

Í hliðarsölum eru og myndir eftir yngri höfunda til fjölbreyttara yfirlits um íslenska myndlist.

Stórátök í Flórída

MIAMI 19/6 — Undanfarna daga hafa miklar kynþáttaóeirðir átt sér stað í Miami og annars staðar í Flórída og tugir manns hafa særzt, þar af 14 af skotsárum. Lögreglan hefur handtekið um 150 manns.

Óeirðirnar hafa staðið undanfarnar fjórar nætur, en leiðtogar blökkumanna hafa gengið hart fram í því að kveða þær niður og í morgun var ástandið orðið eðlilegt að mestu leyti. Blökkumannahverfin í borginni litu út ein sog vígvöllur í morgun eftir óeirðirnar, og ýmiss konar ummerki mátti sjá í ýmsum nágrannabæjum Miami.

Hvarf ferðafélögum sínum við Skjálfandafljót

18 ára stúlku frá Akureyri, Guðrúnar Bjarnadóttur, hefur nú verið leitað árangurslaust í tvo daga síðan hún hvarf frá ferðafélögum sínum við Fosshól í Bárðardal í fyrradag. Er ótátt að hún hafi fallið Skjálfandafljót.

Var stúlkán á ferð í bifreið ásamt fjórum piltum og stönguðu þau um kl. 17 við brúna að Fosshóli til að taka benzin. Fórkóld út við brúna og gekk niður í hvamm við brúna við brúarsporðinn austan megin og brá stúlkán sér þar frá félögum sínum og hafði á orði að hún ætlaði niður að ánni. Biðu piltarnir um stund, en er hún kom ekki aftur, fóru þeir að svipast um eftir henni.

Fannst stúlkán hvergi í nágrenninu og var hvarf hennar þá tilkynnt lögreglunni á Húsavík, sem kom á staðinn og leitaði lögreglan og fólk í sveitinni árangurslaust langt fram á nótt. Flugbjörgunarsveitin á Akureyri leit að stúlkunnar í allan gær dag og spurzt var fyrir um hana á bæjum, en án árangurs.

Falstaff í Laugarásbíói í tilefni Listahátíðarinnar

Í tilefni Listahátíðar hefur Laugarásbíói ákveðið að efna til sýninga á tveim frábærum kvikmyndaverkum. „FALSTAFF“ eftir Orson Welles, og „HNEYKSLIÐ Í MÍLANO“ eftir Pier Paolo Pasolini.

Í kvöld er frumsýning á Falstaff, og mun Thor Vilhjálmsson rithöfundur ávarpa gesti í því tilefni. Falstaff er byggð á þáttum úr nokkrum sögulegum leikritum Shakespeares um þá miklu skálmöld í sögu Englands, 15. öld. Leikstjórnin, Orson Welles, fer einnig með aðalhlutverkið, en auk hans koma við sögu frægðarleikarar eins og Sir John Gielgud, Margaret Rutherford,

Keith Baxter og Marina Vlady. Myndin hlaut Grand Prix í Cannes 1966 og hefur hvarvetna hlotið einróma lof gagnrýnenda. — Sýningar á „Hneyksli í Minlano“ eftir ítalska snillinginn Pasolini hefjast í næstu viku.

Í gær voru hlýindi meiri í Reykjavík en áður í sumar. Þó var þetta ekki hlýjasti dagur sumarsins skv. upplýsingum veðurfræðinga á veðurstofunni, og komst hitinn í 13 stig í gær en 14 stig á fimmtudaginn var.

Í dag er spáð svipuðu hæðri hér í Reykjavík og meira sólarí Norðanlands, en þó von sólaglætu í Reykjavík.